

15

Ákvæði til bráðabirgða.

6. apríl

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málgr. 3. gr. þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

16

22. jan.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings
Íslands og Ungverjalands.

Hinn 31. desember 1959 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A. 53/1953) framlengdur óbreyttur til ársloka 1960. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

Utanríkisráðuneytið, 22. janúar 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Páll Ásg. Tryggvason.